Nd. **387. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allnákvæmlega og mun eftir atvikum geta mælt með því.

Aðalefnisbreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er sú, að dómendum hæstarjettar verði fækkað úr 5 ofan i 3. Þessi breyting á hæstarjettarlögunum — sem eru ekki enn 5 ára gömul — hefir verið orðuð á 3 þingum undanfarið og af báðum aðalflokkum þingsins, og sýnir það, að hjer er ekki um staðlausan þyt að ræða, sem verði látinn þjóta undirtektalaust um eyru.

Aðalástæðan til þessarar breytingar á lögunum — fækkun dómendanna — hefir altaf verið ein og hin sama, sparnaðarþörf ríkissjóðs. Allir nefndarmenn viðurkenna hana mjög ríka eins og nú standa sakir.

Þó vilja nefndarmenn taka það fram, og leggja áherslu á það, að ekki megi líta á það atriði eitt út af fyrir sig, og síst til *frambúðar*. Á hitt verður einnig að líta, að *öryggi* dómsvaldsins verði eigi skert. Og þegar hjer er að ræða um æðsta dómstól landsins, hæstarjett, þá verður framar öllu að líta á þessa hlið málsins. Nefndin lítur svo á, að dómsvaldið sje ekki nægilega örugt, ef dómendum í hæstarjetti verður fækkað, fyrr en stofnað er miðdómstig, sem verður áfrýjunardómstóll frá undirrjetti til hæstarjettar. Og í því sambandi vill nefndin benda á þá leið, svo að kostnaðurinn við þetta yrði sem minstur, að þetta miðdómstig verði stofnað í sambandi við bæjarfógetaembættið i Reykjavík. Yrðu þá dómstigin 2 í Reykjavík, en 3 annarsstaðar frá. Er þess vegna öll nefndin sammála um að skora á ríkisstjórnina að athuga það og undirbúa til næsta þings, að stofnað verði miðdómstig án tilfinnanlegra útgjalda fyrir ríkissjóð. Leggur nefndin áherslu á þetta.

Að öðru leyti vill nefndin ekki gera breytingar á frv. frá því, sem það kemur frá hv. efri deild, um þau atriði, sem aðallega snerta fyrirkomulag rjettarins innbyrðis, þó nefndin sje þar ekki að öllu sammála, en sum þeirra miða þó að því, að gera mönnum hægra um vik að leita þar rjettingar mála sinna.

Enda þó að fleiri breytingar á lögunum hefðu getað komið til greina, úr því farið er að breyta þeim á annað borð, þá hefir nefndin þó leitt þær hjá sjer, sjerstaklega af því, að fyrirsjáanlegt er, að það gæti orðið til þess, að málið yrði ekki útrætt, þar sem mjög er liðið á þingtímann nú. Mun nefndin þar vafalaust vera í samræmi við vilja hv. deildar.

Af framanskráðu ræður nefndin hv. deild til þess að samþykkja frumv. óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1924.

Jón Kjartansson, form. og frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirvara.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari, með fyrirvara.
Jörundur Brynjólfsson.	Bernh. Stefánsson.	